

21. sveitarstjórnarfundur Fljótsdalshrepps, Végarði 11.03 2019, kl. 15:45

Mættir: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfisdóttir, Jóhann F. Þórhallsson og Lárus Heiðarsson. Kristinn Bjarnason lögfræðingur sveitarfélagsins var í símasambandi.

Dagskrá

1. Málefni Óbyggðaseturs

Til fundar við sveitarstjórn voru mætt Arna Björg Bjarnadóttir og Steingrímur Karlsson, vegna erindis til sveitarstjórnar dags. 07.03 2019.

Arna Björg og Steingrímur kynntu erindið og eftir umræðu um það viku þau af fundi kl. 16:30

Eftirfarandi bókun var samþykkt:

Fljótsdalshreppur hefur frá því að hugmynd að uppbyggingu Óbyggðasetursins kom fyrst fram talið verkefnið áhugavert og mikilvægt fyrir sveitarfélagið, sögu þess og íbúa. Á þeim grundvelli studdi sveitarfélagið frumkvöðlastarf Steingríms Karlssonar og Örnú Bjargar Bjarnadóttur við stofnun setursins og uppbyggingu.

Frá árinu 2014 hafa verið í gildi milli þessara aðila þjónustusamningar sem hafa falið í sér árlegar greiðslur Fljótsdalshrepps til Óbyggðasetursins. Á fundi sveitarstjórnar þann 11. desember 2018 var samþykkt að gera nýjan þjónustusamning til tveggja ára þ.e. 2019 og 2020.

Með erindi Steingríms Karlssonar og Örnú Bjargar Bjarnadóttur dags. 7. mars sl. er óskað eftir að í stað 2 ára samnings verði gerður samningur til 10 ára í þeim tilgangi að styðja við endurfjármögnun Óbyggðasetursins sem þar er lýst og nánar var skýrð á fundinum.

Sveitarstjórn lýsir yfir vilja til þess að þjónustusamningur verði gerður til 10 ára, með samsvarandi árlegri greiðslu og þjónustu og verið hefur, enda gangi áformuð endurfjármögnun eftir. Greiðslutilhögun og annað fyrirkomulag 10 ára samnings verði nánar útfært í samningi, sem lagður verði fyrir sveitarstjórn.

Í tengslum við fyrirhugaða endurfjármögnun Óbyggðasetursins er oddvita og lögmanni sveitarfélagsins falið að ganga frá skriflegum meðmælum til Byggðastofnunar, þar sem fram komi mikilvægi starfsemi Óbyggðasetursins í sveitarfélaginu og þess að eignarhald verði tryggt í heimabyggð.

Fundi slitið klukkan 17:35. Lárus ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfisdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)